

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Tílefni reglugerðar þessarar er staðfesting af Íslands hálfu á viðauka við 3. gr. alþjóða-flugsáttmálans (3. gr. bis) sem samþykktur var á þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 10. maí 1984 þar sem aðildarríki lýsa því yfir að sérhverrt ríki verði að forðast að grípa til vopna gegn almenningssloftförum á flugi.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 145. gr., sbr. 3. mgr. 76. gr. og 77. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 18. júní 1999.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 451

23. júní 1999

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð
Langholtskirkju, nr. 629 27. nóvember 1995.**

Stjórn Líknarsjóðs Langholtskirkju hefur hinn 19. maí 1999 samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 27. nóvember 1995.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Verðbættan höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Að minnsta kosti 10% raunvaxta skulu leggjast við höfuðstólinn árlega.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. júní 1999.

*F. h. r.***Björn Friðfinnsson.**

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 452

25. júní 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag Kópavogskirkjugarðs.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 25. maí 1999 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi kirkjugarðs í Leirdal – Kópavogskirkjugarður. Í deiliskipulaginu felst m.a. afmörkun kirkjugarðsins, aðkoma, akstursleiðir, bílastæði, gönguleiðir, staðsetning þjónustubygginga og afmörkun lóðar fyrir sóknarkirkju í Fífuhvammsslandi.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 1. mars til 7. apríl 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 25. júní 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.